



Fundur í æskulýðs- og tómstundanefnd Þriðjudaginn 22. júní 2010, kl. 16:30

Fundur var haldin í æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduóssbæjar á bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33, þriðjudaginn 22. júní 2010 kl. 16:30. Mæting samkvæmt undirskriftum. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stýrði fyrsta lið dagskrárinnar.

Dagskrá:

- 1. Kosningar samkvæmt erindisbréfi:**
 - a) **Formaður**
 - b) **Varaformaður**
 - c) **Ritari**
- 2. Erindi frá bæjarráði, dags 27. apríl 2010.**
- 3. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. Kosningar:

Fram komu tillögur um eftirfarandi:

- a) Hilmar Hilmarsson, formaður
- b) Valgerður Soffía Gísladóttir, varaformaður
- c) Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, ritari

Kosningar voru samþykktar samhljóða. Þá vék forseti bæjarstjórnar af fundi og formaður nefndarinnar tók við fundarstjórn.

2. Erindi frá bæjarráði, dags 27. apríl 2010.

Erindið fjallaði um vinarbæjarheimsókn í Moss í Noregi, daganna 28. júní – 4. júlí 2010. Nefndin mælir með að Guðbjörg Þorleifsdóttir og Brynhildur Una Björnsdóttir fari sem almennir þátttakendur og Oddný María Gunnarsdóttir ásamt annað hvort Ágúst Þór Bragason eða Hilmar Þór Hilmarssyni sem fararstjóra.

3. Önnur mál

- a) Taka þarf upp verklagsreglur fyrir vinabæjaheimsóknir.
- b) Rætt var um opnunartíma sundlaugar. Fram kom hugmynd að haldið yrði sundnámskeið yfir helgi í september.
- c) Rætt um að Ranna komi og kynni starfsemi Skjólsins í haust. Nefndarmenn fari og spjalli við unglínganna.
- d) Rætt um að efla þessi þætti: Útvarpsstöð, skíðaferðir, betra afdrep á sumrin fyrir börn, sunddeild, skátastarf og frjálsar íþróttir.

Fundi slitið kl. 18:24

Hilmar Þór Hilmarsson
Magnús Valur Ómarsson
Valgerður Gísladóttir
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir